



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 2. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Miðvikudagur 23.05.2012 kl. 18:00

**Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) formaður  
Ingi Geir Sveinsson (IGS)  
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)  
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

**Boðuð forföll:** Höskuldur Höskuldsson (HH)  
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður  
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður  
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** HRS

**Helstu mál:** Fundargerð, umsókn KLÍ til ETBF, nefndir KLÍ og þingskjal nr. 6.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð:

Fundargerð síðasta fundar var borin upp til samþykktar og engar athugasemdir bárust og skoðast hún samþykkt.

Fram kom tillaga um að fundargerð verði framvegis send í tölvupósti á fundarmenn til samþykktar og ef engar athugasemdir berast innan 48 klst. skoðast hún samþykkt. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 2. Umsókn KLÍ til ETBF:

ÞMÞ sagði frá því að hann hafi afhent forseta ETBF umsókn um að Evrópumót landsmeistara verði haldið á Íslandi árið 2014.

ÞMÞ fræddi fundarmenn um tilurð þess að KLÍ sótti um að fá að halda Evrópumót landsmeistara árið 2014, og hvers vegna umsókninni var komið á framfæri við forseta ETBF áður en stjórn var búinn að ræða málið.

Skýringin á því að ekki var rætt við stjórn áður en beiðnin var send er sú að fyrirvarinn var of lítill, og ekki vannst tími til að fara með málið fyrir stjórn.

Forsaga málsins er sú að Keiluhöllin hafði samband við ÞMÞ og óskaði eftir því við hann að KLÍ hefði milligöngu um að Evrópumót landsmeistara yrði haldið hér á landi árið 2014. Þar sem forseti ETBF var staddur hér á landi vegna 20 ára afmælis KLÍ var tækifærið notað til að afhenda honum umsóknina í afmælishófi KLÍ.

Fundarmenn fallast á skýringar ÞMÞ.

### 3. Nefndir KLÍ:

Farið var yfir hverjir gefa kost á sér í nefndir á vegum KLÍ.

- Aganefnd:  
ÞMP óskaði eftir því að fá að ræða við aganefndarmenn um áframhaldandi setu í aganefnd og var það samþykkt.
- Mótanefnd:  
HRS verður tengiliður stjórnar í mótanefnd. Tilnefningar vantar frá félögum um fleiri menn í mótanefnd.
- Landliðsnefnd:  
Landliðsnefnd er fullskipuð, en í henni sitja Ingi Geir Sveinsson, Sigurður E. Ingason, Valgeir Guðbjartsson og Ólafur Páll Vignisson sem tengiliður stjórnar í landliðsnefnd.
- Tækninefnd:  
Í tækninefnd verða Hafþór Harðarson og Guðmundur Sigurðsson sem fulltrúar keilusalana, Hafþór fyrir Keiluhöllina og Guðmundur fyrir keilusalinn á Akranesi. Tilnefningar vantar frá félögum um fleiri menn í tækninefnd.
- Unglinganefnd:  
Unglinganefnd er fullskipuð, en í henni sitja Unnur Vilhjálmsdóttir, Jón Grímsson, Andrés Haukur Hreinsson, Jónína Magnúsdóttir og Guðmundur J. Kristófersson sem tengiliður stjórnar í unginganefnd.
- Upplýsinganefnd:  
Reglugerð fyrir upplýsinganefnd hefur ekki verið breytt eftir að breytingar voru gerðar á hlutverki hennar og því var ákveðið að stjórn skoði betur hlutverk upplýsinganefndar og leggi fram tillögur um breytingar á reglugerð til samræmis við það hlutverk. Nokkur umræða var um upplýsinganefnd og voru fundarmenn sammála um að stuðningur við ungliðastarfið væri eitt af forgangsmálum upplýsinganefndar.

### 4. Þingskjal nr. 6:

Samkvæmt þingskjali 6 frá síðasta ársþingi KLÍ, þarf að skipa hóp lögfróðra manna til að fara yfir reglugerðir KLÍ og var ÞMP falið að ræða við nokkra einstaklinga um að taka þá vinnu að sér, en lagt er upp með að skipa þrjá menn í þann hóp.

### 5. Önnur mál:

ÞMP kynnti úrskurð áfríunardómsstóls ÍSÍ, sem staðfestir hinn áfríaða dóm. Rætt var um nauðsyn þess að fara með málið lengra og samþykkt að senda málið til dómstóls ÍSÍ til efnislegrar meðferðar.

Tillaga Keiluhallarinnar, um leikfyrirkomulag næsta vetur, var rædd og einnig hvernig staðið verður að því að ákveða heimavöll liða. Samþykkt var að ÞMP boði fyrirlíða Reykjavíkurfélagana til fundar, þar sem farið verður yfir málið.

Þátttaka í heimsmeistaramóti einstaklinga, sem haldið verður á Kypur í september n.k. var rædd og voru skiptar skoðanir um hvaða eða hvort senda ætti keppendur í mótið. Þar sem stjórnarfundurinn var frekar faliðaður var ákveðið að taka ekki endanlega ákvörðun á þessum fundi heldur var ÞMP falið að ræða við tvo einstaklinga sem væntanlega þátttakendur og í framhaldi af því tekur stjórn endanlega ákvörðun.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:00 – næsti fundur verður óákveðinn.